

**Ársfundur Nýheima þekkingarseturs 24. mars 2022 kl. 15:00**

Níundi ársfundur Nýheima þekkingarseturs (NP) haldinn í Nýheimum fimmtudaginn 24. mars 2022 kl. 15:00

Steinunn Hödd Harðardóttir var fundarstjóri og Hugrún Harpa Reynisdóttir fundarritari.

Málefni fundarins:

**I. Opnun fundar**

Hugrún Harpa forstöðumaður setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Fór hún yfir helstu verkefni síðasta árs hjá setrinu sem voru mörg og fjölbreytt. Fjallaði hún um hinarr ólíku hliðar og birtingarmyndir þess öfluga samstarfs sem á sér stað innan Nýheima og undir hatti setursins. Samstarf við Sveitarfélagið Hornafjörð hefur eflst mjög og ekki síst með tilkomu samstarfs- og styrktarsamnings sem undirritaður var á síðasta ári. Lagði Hugrún Harpa áherslu á að kjarni markmiða setursins er að hlutverk þess sé að stuðla að samstarfi á Suðausturlandi um verkefni á sviði menntunar, menningar, rannsókna og nýsköpunar í þágu samfélagsþróunar á Suðausturlandi. Það hefur setrið sannarlega gert með verkefnum sínum og viðfangsefnum. Hugrún Harpa greindi einnig frá því að fundurinn er fyrsti fundur Kristjáns Guðnasonar sem mun taka sæti Porkels Óskars sem fulltrúi Ríki Vatnajökuls. Þá þakkaði hún Eyjólfí Guðmundssyni og Kristínu Hermannsdóttur fyrir ánægjulegt og farsælt samstarf en fundurinn er þeirra síðasti ársfundur.

**II. Skýrsla Stjórnar**

Steinunn Hödd Harðardóttir formaður stjórnar fór yfir skýrslu stjórnar. Kemur þar fram að enn er unnið að endurnýjun samnings við ráðuneytið og leggur stjórn áherslu á mikilvægi þess að lokið verði við endurnýjun samnings og traustari grunnfjármögnun setursins. Samningur setursins hefur verið framlengdur með viðauka, til eins árs í senn, síðan 2017 en ljóst varð í lok árs að draga þyrfti saman í starfi setursins þar sem ekki er unnt að viðhalda þeim fjölda stöðugilda sem hafa verið við setrið síðustu ár, einvörðungu á sjálfsaflafé. Steinunn Hödd gerði einnig að umfjöllunarefnini þann þroska sem samstarfsnet Nýheima hefur tekið út og hversu öflugt starfið er orðið, það er því þrátt fyrir áskoranir full ástæða til að horfa björtum augum fram á veginn.

**III. Ársreikningur 2021**

Kristín Hermannsdóttir gjaldkeri stjórnar fór yfir ársreikning og gerði grein fyrir helstu liðum hans. Afkoma af rekstri var jákvæð um 2,3 millj. kr. samvæmt rekstrarreikningi og nam eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 23 millj. kr. og bókfært eigið fé í árslok 12,4 millj. kr. Ársreikningur var samþykktur og verður hann undirritaður af stjórn.

**IV. Skipun í embætti stjórnar**

Á ársfundi 2021 var skipað í embætti til tveggja ára og situr því stjórn áfram til næsta ársfundar. Ein breyting verður þó á embættum þar sem Kristín Hermannsdóttir lætur af stjórnarstörfum að loknum ársfundi, þarf því að skipa að nýju í stöðu gjaldkera. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Ingunn Jónsdóttir taki við stöðu gjaldkera í stjórn, tillagan var samþykkt samhljóða.

Mönnun embætta er eftirfarandi fram að næsta ársfundi:

Formaður: Steinunn Hödd Harðardóttir

Varaformaður: Gunnar Þór Jóhannesson

Gjaldkeri: Ingunn Jónsdóttir

Ritari: Vilhjálmur Magnússon

**V. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Eftir fundinn voru haldin tvö erindi:

Kristín Vala Þrastardóttir, verkefnastjóri Nýheima þekkingarseturs fjallar um þjónustu setursins við fjarnema Hornafjarðar.

Óli Halldórsson forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga kynnir niðurstöður verkefnisins Bytingar og byggðaþróun, erindið var það haldið í gegnum fjarfundarbúnað.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið klukkan 16:30

Steinunn H. Harðardóttir

Hljagrún Þorpa Reynisdóttir